



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

ALMANNAVARNADEILD



STÖÐUSKÝRSLA SKRIÐUHÆTTA Á AUSTFJÖRÐUM 20. DESEMBER 2020

Dags: 20.12.2020

Kl.:19:00

Skýrsla frá: Samhæfingarstöð almannavarna

Varðar: Neyðarstig á Seyðisfirði og óvissustig á Austfjörðum vegna skriðuhættu

Samantekt

- Veður - Fer skánandi
- Vegakerfið/samgöngur - allir vegir greiðfærir nema í gegnum Seyðisfjörð
- Rýmingar - Engar breytingar voru á rýmingum í dag
- Lögregla - sinnir vettvangs- og aðgerðarstjórn auk umferðarstýringu og lokunum.
- Neyðarlínan - Sendir út SMS skilaboð vegna rýmingar.
- Björgunarsveitir - Sinna lokunum, styðja við vísindamenn og rafmagnsviðgerðir auk þess að undirbúa verkefni sem farið verður í næstu daga
- Rauði krossinn – Heldur úti fjöldahjálpastöð og veitir upplýsingar á staðnum til íbúa
- Landhelgisgæslan - Varðskipið Týr er fyrir austan. Þyrla fer austur á morgun.
- Raforkukerfið - Seyðisfjörður enn rafmagnslaus að hluta, unnið að mati
- Fjarskipti - Fjarskiptafyrirtæki fylgjast vel með fjarskiptakerfinu.

Staða mála

Veður

Skaplegt veður, líklega úrkoma í nótt og snjókoma í morgunsárið.

Vegakerfið/samgöngur

Almenn umferð til Seyðisfjarðar er háð takmörkunum. Óviðkomandi umferð til Seyðisfjarðar er óheimil sem fyrr. Oddskarðsvegur er lokaður.



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

ALMANNAVARNADEILD



Rýmingar


Óvissustig almannavarna vegna skriðuhættu er enn í gildi á Austurlandi.

Ríkislögreglustjóri, í samráði við lögreglustjórnann á Austurlandi færði neyðarstig almannavarna, sem verið hefur á Seyðisfirði, niður á hættustig í dag.

Aflétting rýmingar fyrir hluta Seyðisfjarðar hófst klukkan 14:30. Hættusvæði á Seyðisfirði hafa verið skilgreind og íbúar utan þeirra fengu að snúa heim í dag. Almenn umferð til Seyðisfjarðar er háð takmörkunum. Óviðkomandi umferð til Seyðisfjarðar er óheimil sem fyrr.

Þær götur sem eru nú opnar eru:

Dalbakki	Árbakki	Bæirnir:
Gilsbakki	Hamrabakki	Dvergasteinn
Fjarðarbakki	Leirubakki	Sunnuholt
Vesturvegur	Norðurgata	Selsstaðir
Ránargata	Fjörður	
Fjarðargata	Bjólfsgrata	
Oddagata	Öldugata	
Bjólfsbakki	Árstígur	
Garðarsvegur	Hlíðarvegur	
Skólavegur	Suðurgata að Garðarsvegi	
Austurvegur að nr. 21	Langahlíð	





RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

ALMANNAVARNADEILD



Þeir íbúar sem ekki geta snúið til síns heima geta mætt og fengið upplýsingar á fjöldahjálparstöð í Egilsstaðaskóla á Egilsstöðum.

Fjöldi gatna sem enn eru rýmdar: 11

Fjöldi húsa: 102

Heildarfjöldi rýmingar í upphafi: 581

Fjöldi einstaklinga sem enn sæta rýmingu: 276

Fjöldi einstaklinga sem snúið hefur heim: 305

Viðbragðsaðilar, vísindamenn og starfsmenn raforku- og fjarskiptafyrirtækja voru við störf á Seyðisfirði í dag. Ofanflóða sérfræðingar Veðurstofu Íslands ásamt samstarfsaðilum vinna að frekari mælingum og athugunum á skriðusvæðum á Seyðisfirði

Eskifjörður:

Ríkislögreglustjóri, í samráði við lögreglustjóran á Austurlandi, hefur aflýst hættustigi almannavarna og aflétt rýmingu á Eskifirði. Íbúar á Eskifirði fengu því að snúa heim í dag.

Oddskaðsvegur verður þó lokaður áfram. Þá falla úr gildi fyrri tilmæli um að fólk gæti varúðar við Grjótá og Lambeyrará.

Lögreglan

Lögreglan hefur stýrt umferð um svæðið og lokunum auk vettvangs- og aðgerðastjórn. Samhæfing aðgerða fer fram í samhæfingarstöð almannavarna.

Rafrænn íbúafundur er fyrirhugaður á þriðjudag með lögreglustjóra, bæjarstjóra Fjarðabyggðar og fulltrúa Veðurstofu. Upplýsingar um tímasetningu verður send síðar.

Neyðarlínan

Neyðarlínan hefur sent tilkynningar í SMS skilaboðum til íbúa og fólks á svæðinu vegna með uppfærðum upplýsingum um stöðuna á Seyðisfirði og Eskifirði.

Björgunarsveitir

Björgunarsveitir hafa sinnt aðgerðum á svæðinu, m.a lokunum á Fjarðarheiði og komið að skipulagningu á aðgerðum sem farið verður í þegar hættuástandi verður aflétt. Björgunarfólk hefur einnig stutt við störf vísindamanna og raforkufyrirtækja.

Rauði krossinn



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

ALMANNAVARNADEILD



Hundruð Seyðfirðinga hafa sótt ýmsa þjónustu í fjöldahjálparstöð á Egilsstöðum í dag svo sem veitingar, fataaðstoð, upplýsingar og sálrænan stuðning.

Nú eru tvær fjöldahjálparstöðvar opnar, ein á Egilsstöðum og ein á Seyðisfirði.

Fjöldahjálparstöð á Eskifirði var lokað síðdegis í dag samhliða afturköllun rýmingar á Eskifirði.

Íbúar á rýmingarsvæðinu eru hvattir til að nýta sér þjónustu fjöldahjálparstöðvanna eða hringja í Hjálparsíma Rauða krossins ef spurningar vakna eða aðstoðar er þörf.

Raforkuferfið

Rafmagnslaust er enn á hluta bæjarins. Starfsmenn Rarik hafa verið að störfum í dag.

Heitavatnslaust er á hluta bæjarins, unnið er að viðgerðum.

Fjarskipti

Fjarskiptafyrirtæki fylgjast vel með stöðu á fjarskiptainnvíðum á svæðinu.

Ríkislögreglustjóri almannavarnadeild www.almannavarnir.is

Twitter: [@almannavarnir](https://twitter.com/almannavarnir)

Facebook: [@almannavarnir](https://www.facebook.com/almannavarnir)